





# Hakkisakkbolti

Höfundur: Guðný María Höskuldsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENNAANS Verkefni í textílnennt fyrir 6. bekk




## Aðferð:

Hekl  
Vélsaumur

## Áhöld:

- ✓ Heklunál nr. 3,5–4
- ✓ Stoppunál
- ✓ Títuprjónar



## Efni:

- ✓ Bómullargarn með góðum snúningi
- ✓ Léreft

## Snið:


- ✓ Pappírssnið sem er 6  
5x5 cm stórir ferningar

## Vinnulýsing fyrir nemendur

- 1 Heklið loftlykkjur, u.þ.b. 5 cm eða eins og sniðið er breitt.
- 2 Heklið fastahekl í aðra loftlykkju frá heklunálinni og svo í hverja loftlykkju út umferðina. Heklið eina loftlykkju á endanum, snúið við (passið að hoppa ekki yfir fyrstu lykkjuna) og heklið í hverja lykkju út umferðina.
- 3 Heklið svona áfram þar til stykkið er orðið u.þ.b. 5 cm eða ferningur.
- 4 Skiptið nú um lit. Athugið að skilja eftir um 20 cm af gamla og nýja litnum til að sauma boltann saman með.
- 5 Heklið fjóra svona ferninga sinn í hverjum litnum. Klippið garnið og dragið bandið gegnum síðustu lykkjuna.
- 6 Takið upp lykkjur á næstefsta ferningnum með því að hekla í götin jafnmargar lykkjur og voru á hinum ferningunum. Heklið jafnstóran ferning með sömu aðferð og áður.
- 7 Takið upp lykkjur beint á móti með sömu aðferð. Heklið á að líta út eins og kross.
- 8 Sníðið úr lérefsti eftir sniðinu og klippið út.
- 9 Saumið saman hliðarnar með 0,5 cm saumfari, allar hliðar nema eina, þannig að úr verði teningur.
- 10 Snúið teningnum við og hálfyllið með hrísgrjónum. Saumið fyrir gatið í saumavél.
- 11 Saumið nú heklið saman og felið endana. Athugið að skilja eftir opnar 2 hliðar.
- 12 Setjið hrísgrjónaboltann inn í heklboltann, saumið fyrir gatið og felið endana.



Loftlykkjur



## *Til kennara*

Fyrst æfa nemendur sig í að halda á heklunálinni og bandinu og hekla loftlykkjur. Þegar loftlykkjurnar eru orðnar nokkuð jafnar þá eru þeir tilbúnir að byrja á boltanum og gera loftlykkjur u.þ.b. 5 cm eða skv. sniði. Þeir læra síðan að snúa við og hekla fastahekl. Ef nemendur vilja hafa boltann marglitan þá hekla þeir u.þ.b. 5 cm og skipta svo um lit.

Þetta endurtaka þeir svo fjórum sinnum, eða þangað til að heklið er orðið jafnlangt og sniðið. Kennari eða nemandi tekur síðan upp lykkjur á hliðinni á næstsíðasta litnum og nemandinn heklar áfram þar til sá litur er einnig um 5 cm eða skv. teikningu og eins er gert hinum megin.

Því næst er sniðið eftir pappírssniðinu án saumfara úr léreftsefni og það saumað saman í saumavél eins og teningur með 5 mm saumfari. Athugið að sauma allar hliðar nema eina. Boltanum er snúið við og síðan er hrísgrjónum hellt í pokann (gott er að nota trekt), alls ekki of mikið eða u.þ.b. hálfur pokinn fylltur og að lokum saumað fyrir gatið í saumavélinni.

Heklið er líka saumað saman á öllum hliðum nema tveimur í höndum og endar faldir. Þá er heklboltanum snúið við, léreftspokanum stungið inn í og svo saumað fyrir gatið.